

Þjónustumerki.

Þjónustumerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um þjónustu sem í boði er á leið þeirra. Þjónustumerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur Tákni er að jafnaði svart á hvítum grunni með bláum ramma. Vegamálastjóri setur reglur um uppsetningu þjónustumerkja við þjóðvegi utan kaupstaða og kauptúna en lögreglustjórar í þéttbýli.

Þjónustumerki eru þessi:

Neyðarþjónusta.



Slysa hjálp.

Merki þetta er notað til að gefa til kynna stað þar sem slysa hjálp er veitt.



Heilsugæsla.

Merki þetta er notað til að vísa á heilsugæslustöð sem aðeins er opin hluta sólarhrings á virkum dögum¹⁾



Lögregla.

Merki þetta er notað til að vísa á lögreglustöð.



Lyfjaverslun.

Merki þetta er notað til að vísa á lyfjaverslun.



Neyðarskýli.

Merki þetta vísar á neyðarskýli. Notkun skýlisins er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum.



Neyðarsími eða talstöð.

Merki þetta vísar á neyðarsíma eða neyðartalstöð. Notkun símans eða talstöðvarinnar er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum.



Slökkvitæki.

Merki þetta vísar á slökkvitæki. Notkun tækisins er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum.

Almenn þjónusta og ábendingar.



Upplýsingar.

Merki þetta er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar með upplýsingatöflum e.þ.h.



Upplýsingaskrifstofa.

Merki þetta er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar á skrifstofu.



Almenningssími.

Merki þetta vísar á almenningssíma þar sem aðstæður gera slíkt æskilegt, t.d. í strjálbýli.



Almenningssalerni.

Merki þetta vísar á stað þar sem er almenningssalerni.



Þurrsalerni (kamar).

Merki þetta vísar á stað þar sem er þurrsalerni eða kamar fyrir ferðafólk.



Losun skolptanka.

Merki þetta vísar á stað þar sem hægt er að losa skolptanka bifreiða og hjólhýsa.]¹⁾



Miðbær.

Merki þetta vísar á miðbæjarsvæði.



Iðnaðarsvæði

Merki þetta vísar á iðnaðarsvæði

Athyglisverður staður.



Athyglisverður staður.

Merki þetta er notað þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði, aðra en þá sem eru merktir með sérstöku tákni.



Gönguleið

Merki þetta vísar á upphaf gönguleiðar.



Áningarstaður.

Merki þetta vísar á stærri áningarstað þar sem eru bifreiðastæði, borð og bekkir.



Útsýni.

Merki þetta vísar á stað þaðan sem útsýni er gott.



Útsýni með hringsjá.

Merki þetta vísar á stað þar sem er hringsjá og gott útsýni.



Sorpílát.

Merki þetta vísar á stað þar sem eru sorpílát.



Sorpgámar.

Merki þetta vísar á stall þar sem eru sorpgámar.



Útvarp.

Merki þetta er sett upp þar sem ökumenn ættu að skipta um bylgjulengd á FM-útvarpsviðtæki.

Bifreiðapjónusta.



Bensínstöð.

Merki þetta vísar á afgreiðslustað eldsneytis.



Bifreiðaverkstæði

Merki þetta vísar á bifreiðaverkstæði.



Hjólbarðaverkstæði.

Merki þetta vísar á stað þar sem gert er við hjólbarða.



Bílaleiga.

Merki þetta vísar á bílaleigu.

Veitingastaðir.



Veitingastofa.

Merki þetta vísar á veitingastofu þar sem ekki eru framreiddir heitir réttir.



Veitingahús.

Merki þetta vísar á veitingahús þar sem framreiddir eru heitir réttir.



Heimilisveitingar.

Merki þetta vísar á stað þar sem matur er seldur á heimili.

Gisting og áning.



Hótel, gistiheimili.

Merki þetta vísar á gististað þar sem boðið er upp á uppþúin rúm í herbergjum.



Svefnpokapláss.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á gistingu í svefnpokapláss.



Farfuglaheimili.

Merki þetta vísar á gististað sem rekinn er af félögum Farfugla.



Sumarhús til leigu.

Merki þetta vísar á sumarhús til leigu.



Sæluhús.

Merki þetta vísar á sæluhús ferðafélaga þar sem að öllu jöfnu er krafist greiðslu fyrir notkun.



Tjaldsvæði.

Merki þetta er notað við viðurkennd tjaldsvæði.



Hjólhýsasvæði.

Merki þetta er notað við viðurkennd hjólhýsasvæði.

Viðbótarþjónusta.



Eldunaraðstaða.

Merki þetta vísar á stað þar sem eldunaraðstaða fylgir gistirými.



Sturta.

Merki þetta vísar á stað þar sem ferðafólk getur komist í sturtu.



Heitur pottur.

Merki þetta vísar á stað þar sem ferðafólk getur komist í heitan pott.



Þvottavél.

Merki þetta vísar á stað þar sem ferðafólk getur fengið að þvo fatnað í þvottavél.



Fundaaðstaða.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á fundaaðstöðu

Íþróttir og tómstundir.



Sundstaður.

Merki þetta vísar á sundstað. Geta má [þess hvenær opið er]¹⁾ á upplýsingatöflu.



Íþróttahús

Merki þetta vísar á íþróttahús.



Íþróttavöllur.

Merki þetta vísar á íþróttavöll.



Hestaleiga.

Merki þetta vísar á stað þar sem hestar eru boðnir til leigu.



Veiðileyfi.

Merki þetta vísar á stað þar sem seld eru veiðileyfi.



Sjóstangaveiði.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á bátsferðir til sjóstangaveiði.



Hvalaskoðun.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á bátsferðir til hvalaskoðunar



Skíðalyfta, togbraut.

Merki þetta vísar á skíðasvæði þar sem er togbraut.



Skíðalyfta með stólum.

Merki þetta vísar á skíðasvæði þar sem er stólalyfta.



Skíðagöngusvæði.

Merki þetta vísar á skíðagöngusvæði þar sem brautir eru troðnar eða stikaðar.



Snjóbílaferðir.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á ferðir með beltabifreið



Golfvöllur.

Merki þetta vísar á golfvöll.



Vélsleðar til leigu.

Merki þetta vísar á stað þar sem vélsleðar eru til leigu.



Vatnaþotur til leigu.

Merki þetta vísar á stað þar sem vatnaþotur eru til leigu.



Reiðhjól til leigu.

Merki þetta vísar á stað þar sem reiðhjól eru til leigu.




Bátar til leigu.

Merki þetta vísar á stað þar sem bátar eru til leigu.



Sjóskíði.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á sjóskíðaiðkun.



Gúmmíbátaferðir.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á ferðir með gúmmíbát niður á

Sérstakir staðir og þjónusta.



Kirkja.

Merki þetta vísar á kirkju.



Kirkjugarður.

Merki þetta vísar á kirkjugarð.



Banki.

Merki þetta vísar á banka.



Hraðbanki.

Merki þetta vísar á hraðbanka



Pósthús.

Merki þetta vísar á pósthús.



Gróðurhús.

Merki þetta vísar á gróðurhús þar sem afurðir eru til sölu



Ferðamannaverslun.

Merki þetta vísar á verslun þar sem boðið er upp á matvörur og aðrar ferðavörur.



Kjörbúð.

Merki þetta vísar á matvöruverslun þar sem boðið er upp á allar almennar neysluvörur.



Bakarí.

Merki þetta vísar á bakarí.



Söluskáli.

Merki þetta vísar á söluskála þar sem boðið er upp á sælgæti, gosdrykki og annað þess háttar.



Handverk.

Merki þetta vísar á stað þar sem handverk er til sölu



Listasafn

Merki þetta vísar á listasafn.




Bókasafn

Merki þetta vísar á bókasafn.



Sædýrasafn

Merki þetta vísar á sædýrasafn.




Húsdýragarður.

Merki þetta vísar á stað þar sem húsdýr eru til sýnis.



Hundahótel.

Merki þetta vísar á stað þar sem hundar eru teknir í gæslu¹



Dýralæknir.

Merki þetta vísar á dýraspítala eða stofu dýralæknis

Flutningaþjónusta.



Bílferja.

Merki þetta vísar á bílferju. Þar sem ástæða þykir til að taka fram brottfarartíma, skal það gert með upplýsingatöflu.



Bátsferðir.

Merki þetta vísar á stað þar sem eru bátar sem veita ferðamönnum þjónustu.



Flugvöllur fyrir áætlunarflug.

Merki þetta vísar á leið að flugvelli. Æskilegt er að láta flugvélinu snúa í stefnu á flugvöllinn. Flugvél stefnir til hægri. Flugvél stefnir til vinstri (sjá mynd). Flugvél stefnir beint upp.



Flugbraut.

Merki þetta vísar á flugbraut fyrir smærri flugvélar.